



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 39/2018

## Auðkennið RVK EVENTS

### I.

#### Erindið

Með bréfi Ríkisskattstjóra til Neytendastofu, dags. 28. febrúar 2018, var greint frá því að hinn 10. apríl 2017 hefði fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra mótttekið andmæli við skráningu firmaheitisins RVK events ehf. frá RVK Studios ehf. RVK Studios hafi talið sig eiga betri rétt til heitisins á grundvelli þess að einn liður í starfsemi félagsins sé rekstur viðburðaðjónustu undir heitinu RVK Events. Fyrirtækjaskrá sé einungis bær til þess að ákvarða í deilumálum er varði skráningarskyld atriði skv. 2. gr. laga um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003. Heiti viðburðaðjónustunnar RVK Events sé ekki skráð firmaheiti og sé fyrirtækjaskrá því ekki bær til þess að ákvarða í deilumálinu. Gögn málsins væru því send Neytendastofu til þóknarlegrar meðferðar.

Með símtali og tölvubréfi Neytendastofu til RVK Studios, dags. 28. mars 2018, var greint frá því að kvörtunin hefði borist og að frestur væri veittur til 20. apríl 2018 til að koma að viðbót við kvörtunina. Með bréfi RVK Studios, dags. 20. apríl 2018, bárust Neytendastofu frekari athugasemdir RVK Studios við skráningu og notkun á firmaheitinu RVK Events. Í bréfinu vísar RVK Studios til 15. gr. a. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

RVK Studios byggi á því að notkun RVK Events á heitinu RVK Events hafi í för með sér augljósa hættu á því að fólk rugli saman starfsemi félaganna. Hafa verði í huga að RVK Events sé rekið undir þessu heiti gegn betri vitund þar sem félaginu hafi þegar verið tilkynnt um rekstur RVK Studios á þjónustu undir þessu nafni. Þessi tilkynning hafi átt sér stað þegar beiðni RVK Events um kaup á léninu rvkevents.is hafi verið hafnað af RVK Studios. Rekstur atvinnu undir þessu nafni gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekandans og gefi tilefni til að ætla að félagið sé með einhverjum hætti tengt RVK Studios. Höfuðið sé svo bitið af skömminni þegar litið sé til þess að á Facebook síðu RVK Events komi fram að fyrirtækið sé með vefsíðuna rvkevents.is. Sem áður segi sé þetta lén í eigu RVK Studios og geti hver sem sé gengið úr skugga um það með því að fletta skráningunni upp á heimasíðu Isnic, þar sem fletta megi upp skráningu íslenskra léna. Þarna sé neytendum því gefin enn frekari ástæða til að ætla að tengsl séu milli RVK Events og RVK Studios eða Sagnar ehf.



Frá því andmæli RVK Studios hafi verið send til fyrirtækjaskrár hafi RVK Events rekið starfsemi í þessu nafni og sett inn fjölda færsla á facebook þar sem félagið haldi úti síðu. Eftir því sem RVK Studios komist næst sé um að ræða fyrirtæki sem annist viðburðastjórnun og framleiðslu myndbanda sem virðist aðallega tengd viðburðum. Þó virðist félagið einnig hafa framleitt einhver tónlistarmyndbönd, kynningarefni og fleira því um líkt.

Það sé því að mati RVK Studios alveg ljóst að rekstur fyrirtækisins sé á sviði sem sé nátengd þeim rekstri sem RVK Studios haldi úti. Svo beri að geta þess að viðburðarþjónusta RVK Studios muni að öllum líkindum verða umfangsmeiri á næstu mánuðum og árum þar sem nú hafi nýtt kvikmyndapörp í Gufunesi loks verið opnað og fyrirséð að þar geti farið fram hinir ýmsu viðburðir, s.s. stórar ráðstefnur, árshátíðir eða annað því um líkt. Að öllu framangreindu virtu byggji RVK Studios á því að slík hætta sé á ruglingi og að upplýsingar um eignarhald og ábyrgð séu svo villandi að RVK Events geti ekki verið heimilt að nota firmanafn þetta í starfsemi sinni. RVK Studios vísi að öðru leyti til áður fram kominna andmæla sem sendar hafi verið fyrirtækjaskrá í apríl 2017. RVK Studios áskilji sér rétt til að koma á framfæri frekari gögnum og rökstuðningi vegna andmæla sinna verði tilefni til slíks.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Með bréfi Neytendastofu til RVK Events, dags. 23. apríl 2018, var erindi RVK Studios sent RVK Events til umsagnar. Svar RVK Events barst með bréfi, dags. 4. maí 2018. Í bréfinu kemur fram að félagið hafi gengið undir nafnbreytingu þann 10. október 2016 en áður hafi félagið heitið Basic House Effect ehf. Starfsemi þess hafi verið umsjón plötusnúða á viðburðum og uppihald þeirra í kringum þá starfsemi. Eftir því sem starfsemin hafi stækkað og viðburðahald hafi farið að vera viðameira og fjölbreyttara þá hafi stjórn félagsins ákveðið að nafn þess væri ekki lengur við hæfi þar sem starfsemin væri komin út í viðameiri skipulagningu ásamt leigu, uppsetningu og bókun listamanna ekki á vegum félagsins. Í framhaldinu hafi tekið við umsjón viðburða í aðdraganda þeirra, þ.e.a.s. umsjón markaðssetningar og samantekt efnis sem nota skuli í auglýsingaskyni þeirra. Sú starfsemi sé lífæð fyrirtækisins í dag þar sem það geri sig út sem viðburðastjórnendur með heildarlausnir fyrir slíka viðburði, hvort sem það sé á viðburðinum sjálfum eða markaðssetningu þeirra. Með aukinni þekkingu á gerð efnis til notkunar á stafrænum miðlum í auglýsingaskyni hafi RVK Events farið meira út í þá starfsemi að framleiða sitt eigið efni.

Nafnið RVK Events hafi komið til þar sem stjórnendur hafi viljað auðkenna sig við viðburði og því hafi events komið til sögunnar. Ekki hafi verið leitað lengra en það að RVK væri „skammstöfun“ borgarinnar Reykjavíkur sem sé þekkt á heimsmælikvarða og starfsemi félagsins fari öll fram þar. Í daglegu tali sé sagt Reykjavík Events í RVK Events. Hugmyndin



að nafninu hafi fæðst fyrir talsverðu síðan þegar hugmyndin hafi verið að breyta nafni félagsins í RVK DJS þar sem það hafi auðkennt sig við fyrri rekstur félagsins. Einnig hafi nafnið verið talið heppilegt ef til kæmi að nota nafnið erlendis. Nafnið RVK Events hafi því komið til sögunnar síðar.

Kvörtun vegna notkunar á nafni félagsins komi talsvert á óvart. Sér í lagi vegna þess að aldrei hafi félagið heyrt um það að fólk og kúnnar séu að rugla saman fyrirtækjum og aldrei hafi félagið fengið fyrirspurn um verkefni sem ætlað hafi verið RVK Studios. Félagið sé lítið fyrirtæki í uppbyggingu og myndi félagið aldrei kenna sig við fyrirtæki af stærð og stærðargráðu RVK Studios af ásettu ráði. Félagið telji að starfsemi þess sé á allt öðrum vettvangi og einu upptökur sem félagið sjái um séu lítil myndbönd sem sýna skuli á samfélagsmiðlum. Það sé mögulega eina starfsemin sem félagið viti af sem gæti skarast við starfsemi RVK Studios en sé þó alls ekki samanburðarhæft.

Beiðnin um lénið rvkevents.is hafi einungis verið til komin vegna þess að félagið hafi séð að það lén hafi ekki verið í notkun. Áður en félagið hafi gengist undir nafnbreytinguna hafi ekki verið vitað að það lén hafi ekki verið laust til kaupa. Þegar sett hafi verið upp síða á miðlinum Facebook hafi ekki verið búið að athuga málið betur og því sett inn lén í þeirra eigu fyrir mistök. Í dag eigi félagið enn enga vefsíðu og hafi ekki lagt neina áherslu á að koma upp slíkri. Því séu allar tilvísanir í heimasíðu félagsins meira gert í framtíðarhugsunum. Ef enn sé vísað á ranga vefsíðu á einhverjum miðli frá okkur, sé beðist innilegrar afsökunar á því. Í dag noti félagið lénið rvkagent.is til notkunar á netföngum en einnig eigi félagið rvkevent.is. Eftir að RVK Studios hafi synjað beiðni félagsins um að selja lénið rvkevents.is hafi félagið ekki einu sinni notað lénið rvkevent.is þar sem félagið hafi ekki viljað valda misskilningi. Rætt hafi verið um þetta mál hjá starfsmönnum félagsins og félagið viljað halda þessu óbreyttu á meðan lénið rvkevents.is sé ekki í eigu félagsins.

Í lokin vilji félagið koma því á framfæri að það hafi aldrei verið og muni aldrei vera viljaverk af hálfu félagsins að nota nafn RVK Studios í þágu félagsins. RVK Studios sé óskað velfarnaðar í störfum með von um að RVK Events fái tækifæri til að starfa undir eigin merkjum og stækka sem fyrirtæki undir núverandi nafni án þeirra afskipta. Því sé heitið að nota aldrei þeirra merki undir neinum kringumstæðum í starfsemi RVK Events.

## 2.

Með bréfi Neytendastofu til RVK Studios, dags. 11. júní 2018, var erindi RVK Events sent til umsagnar. Í bréfi Neytendastofu kom fram að í lok bréfs RVK Events komi fram að því sé heitið að nota aldrei merki RVK Studios ehf. undir neinum kringumstæðum í starfsemi RVK events ehf. Þeirri fullyrðingu hafi þó ekki fylgt nánari gögn um ráðstafanir sem fyrirtækið hefði gripið til eða nánari skýringar um hvað fælist í að hætta notkun merkis RVK Studios. Af þeim sökum væri að svo stöddu óhjákvæmilegt að halda áfram meðferð málsins og leiða það til lykta með efnisúrlausn stofnunarinnar.



Svar barst með bréfi RVK Studios, dags. 20. júní 2018. Í bréfinu kemur fram að RVK Studios mótmæli því að lítil sem engin skörun sé á milli þeirrar starfsemi sem RVK Events haldi úti og þeirrar starfsemi sem RVK Studios sinni. Sé lítið til Facebook vefsvæðis RVK Events verði ekki betur séð en að umtalsverð skörun sé á þeirri þjónustu sem félagið veiti og því sem RVK Studios fáist við. Á upplýsingasíðu um félagið á Facebook vefsvæði félagsins komi meðal annars fram að félagið sinni „Production“ eða framleiðslu. Af nýjustu færslum félagsins á Facebook vefsvæðinu megi vera ljóst að sú framleiðsla sem þar sé vísað til sé framleiðsla myndefnis, meðal annars kynningarmyndbanda, myndbanda af viðburðum og tónlistarmyndbanda. Þá komi fram að félagið annist tækjaleigu, viðburðastjórnun og fleira. Að mati RVK Studios liggi í augum uppi að starfsemi RVK Events skarist umtalsvert við starfsemi RVK Studios sem felist meðal annars í framleiðslu myndefnis, tækjaleigu og skipulagningu viðburða.

Þá sé ruglingshætta á milli heitis félaganna tveggja augljós að mati RVK Studios. Sú ruglingshætta komi meðal annars í ljós í bréfi Neytendastofu, dags. 11. júní 2018, þar sem segi: „óskar Neytendastofa eftir skýringum eða athugasemdum RVK Studios ehf. og Sögn ehf. við hjálagt svarbréf RVK Studios ehf.“ Í þessu kristallist hættan á ruglingi á milli félaganna tveggja. RVK Studios og Sögn telji að komin sé fram hætta á ruglingi og hætta á að villst verði á RVK Events og RVK Studios eða viðburðaðjónustu RVK Studios sem gangi undir nafninu RVK Events.

Í viðbót við framangreint byggja RVK Studios og RVK Events á því að RVK Events geti ekki haldið því fram að notkun á auðkenninu hafi verið í góðri trú. Í bréfi RVK Events segi að nafni félagsins hafi verið breytt þann 10. október 2016. Tólf dögum síðar, þann 22. október 2016 hafi félagið óskað eftir því að kaupa lénið rvkevents.is af RVK Studios og Sögn en hafi verið synjað um það á þeim grundvelli að viðburðaðjónusta Sagnar og RVK Studios væri rekin undir þessu nafni, þ.e. RVK Events. Engu að síður hafi félagið haldið áfram notkun á firmanafninu. Hafi slík notkun því verið gegn betri vitund og að mati Sagnar og RVK Studios fari ekki á milli mála að notkunin sé villandi fyrir neytendur og í raun markaðinn í heild sinni.

Sögn og RVK Studios geri engar athugasemdir við þá þjónustu sem RVK Events veiti. Aðeins sé verið að gera athugasemdir við að hún sé veitt undir nafninu RVK Events vegna þeirrar hættu sem Sögn og RVK Studios telji vera til staðar á því að ruglast verði á félögunum tveimur. Því þakki Sögn og RVK Studios RVK Events fyrir góðar óskir sem komi fram í niðurlag bréfs félagsins og óski félaginu sömuleiðis alls hins besta í starfsemi sinni.

### 3.

Með bréfi Neytendastofu til RVK Events, dags. 21. júní 2018, var erindi RVK Studios sent RVK Events til umsagnar. Svar RVK Events barst með bréfi, dags. 31. júní 2018. Í bréfinu kemur fram að stjórn RVK Events hafi fát til málanna að leggja nema það sem áður hafi komið fram. Félagið telji enga hættu á ruglingshættu eins og RVK Studios haldi fram. Framleiðsla fyrirtækisins hafi verið á afar smáum viðburðum sem og einkasamkvæmum. Því telji félagið



að kúnnarnir sem leiti til félagsins séu alls ekki að ruglast á fyrirtækjum. Komi starfsemi félagsins til með að stækka á þessum vettvangi telji félagið þó enga hættu heldur á milli fyrirtækjanna og muni það alltaf koma skýrt fram undir eigin nafni og merki. Aldrei hafi RVK Events heyrt um að RVK Studios sjái um viðburðastjórnun eða viðburðaðþjónustu undir nafninu RVK Events. Eins og áður hafi komið fram hafi nafni félagsins verið breytt í takt við þá þróun og stefnu sem félagið hafi verið að taka á þeim tíma. Í þessari ákvörðun hafi alls ekki verið meiningin að notfæra sér vörumerki annarra og muni það aldrei vera meining af hálfu félagsins.

RVK Events geri engar frekari athugasemdir við málið. Félagið vilji einungis ljúka því á góðum grundvelli og halda áfram með starfsemi og halda áfram að stækka á eigin grundvelli. Miklir fjármunir hafi farið í það að merkja tæki og tól, farartæki og aðrar eignir sem og vörumerki og smám saman skapast undir merkjum félagsins.

#### 4.

Með bréfi Neytendastofu til aðila máls, dags. 13. júlí 2018, var tilkynnt um að gagnaöflun málsins væri lokið og að það yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu.

### III.

#### Niðurstaða

##### 1.

Mál þetta lýtur að kvörtun RVK Studios ehf. og Sagnar ehf. vegna notkunar RVK Events ehf. á heitinu RVK Events. RVK Studios telji að hætta sé á að starfseminni sé ruglað saman. Auðkennin séu samskonar og rekstur fyrirtækjanna sé á nátengdum sviðum. RVK Events hafnar kröfum RVK Studios og bendir á að nafngiftin sé til komin vegna þess að fyrirtækið hafi viljað auðkenna sig við starfsemi sína sem sé viðburðastjórnun og viðburðaðþjónusta. RVK Events sé ekki kunnugt um að fyrirtækjunum hafi verið ruglað saman.

##### 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*



Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. málslið greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Þá skiptir máli hversu lík viðkomandi auðkenni eru, en þau líkindi hafa síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna má vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Því líkari sem auðkenni eru, því minni kröfur eru gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna, og öfugt. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Í málinu liggur fyrir að Sögn ehf. hefur skráð lénið rvkevents.is hjá ISNIC lénaskrá þann 24. apríl 2013. Þá hefur RVK Events skráð firmaheitið RVK Events ehf. í fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra þann 10. október 2016. Svo virðist sem fyrirtækið hafi notað heitið til auðkenningar á starfsemi sinni síðan þá. Að ofangreindu virtu telur Neytendastofa að báðir aðilar eigi tilkall til auðkenna sinna og því kemur 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 til álita í málinu.

Á léninu rvkevents.is er engin starfsemi og virðist sem engin starfsemi hafi verið á léninu frá skráningu þess. Þá nýtur engra gagna við um notkun Sagnar eða RVK Studios á heitinu RVK Events til auðkenningar á starfsemi sinni eða hluta starfsemi sinnar. Þegar af þeirri ástæðu telur Neytendastofa að notkun RVK Events á heitinu RVK Events til auðkenningar á starfsemi sinni sé ekki í andstöðu við ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að sama skapi telur Neytendastofa að notkunin brjóti ekki gegn ákvæði 5. gr. sömu laga. Er það því mat Neytendastofu að ekki sé ástæða til aðgerða af hálfu stofnunarinnar í máli þessu.



**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 5. nóvember 2018

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir